

Ed.

83. Frumvarp til laga

[49. mál]

um eignarnámsheimild fyrir Húsavíkurkaupstað á svokölluðu Preststúni í Húsavíkurlandi.

Flm.: Friðjón Skarphéðinsson.

1. gr.

Bæjarstjórn Húsavíkur er heimilt að taka eignarnámi svokallað Preststún í Húsavíkurlandi.

2. gr.

Um framkvæmd eignarnámsins skal fara eftir ákvæðum laga nr. 61 14. nóv. 1917.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frumvarp þetta er flutt að tilmælum bæjarstjórans á Húsavík, en bæjarstjórn fól honum með sérstakri samþykkt, sem gerð var á bæjarstjórnarfundi hinn 16. sept. s. l., að leita eftir því, að Húsavíkurbær gæti eignast hluta Kirkjujarðasjóðs í Húsavíkurlandi, en þar er um að ræða svokallað Húsavíkurtún, sem frumvarpið fjallar um.

Þegar ráðherra Íslands afsalaði Húsavíkurbænum prestssetursjörðinni Húsavík, hinn 12. apríl 1913, var Húsavíkurtún undanskilið sölunni. Mun sú hugsun hafa legið að baki að skerða ekki aðstöðu prests til þess að geta stundað nokkurn búskap. Á þeim tíma var þetta eðlilegt, enda var landbúnaður þá aðalvinna þorpabúa. Nú er þessu annan veg farið. Byggð hefur aukizt mjög og þar með margvísleg mannvirkjagerð. Landbúnaður er nú stundaður á Húsavík sem aukatvinna að langmestu leyti, og mér er tjáð, að núverandi Húsavíkursturur hafi aldrei sjálfur nytjað Húsavíkurtún eða stundað búskap í neinum mæli.

Húsavíkurtún er nyrzt í bænum í kvos milli Húsavíkurbæjar og Húsavíkurfjalls. Markast það að norðan af Skjólbrekkunum og að vestan af Tjörnesvegi. Túnið er innan hins fyrirhugaða skipulags bæjarins, og hefur bærin þegar lagt um það vegi, vatnsveitu og holræsi. Byggingarlóðir á þessu svæði eru eftirsóttar, og fyrirhugað er, að íþróttavellir bæjarins verði þar. Er af þessum sökum nauðsynlegt fyrir bæinn að eignast land þetta.